Listin að lesa
og skrifa

# MOLI






# Vala amma

Vala amma
og Nína eru saman.

Amma mín,
ég vil lesa, sagði Nína.



Á ég að lesa um Leó?
sagði Vala amma.

Hverja sérðu á myndinni? Hvað eru þær að gera? Hvernig er sófinn á litinn?

# Amma les um Mola

Ég vil ekki lesa um
Leó núna, amma mín.

Á ég að lesa um Mola?
sagði amma.

Amma Vala og Nína
lesa saman um Mola.





Hvers konar karl sérðu á myndinni? Úr hverju er karlinn? Hefur þú séð sykurmola? Hvernig er hann litinn? Hvað er sérstakt við þennan mola?



Amma les:
Nói á mola
sem er í vasa.

Moli er að vola.

O, o, o, volar Moli.
Ég vil ekki vera
í vasanum.



Hvar er Moli? Hvaða dýr er á myndinni? Hvað er það að gera? Hvað annað sérðu á myndinni? Veist þú hvað það merkir að vola?

# Moli volar



Moli á að vera
í vasanum, sagði Nói.

Moli volar og volar.

Á ég að ná í  ?
sagði Nói.

Í hvernig skapi er Moli? Hvað heldur þú að Nói sé að segja við Mola?



Ég vil ekki vera í 
sagði Moli.

En á ég að ná í ?
sagði Nói.

Ég vil ekki vera í 

sagði Moli.



Hvaða ílát sérðu á myndinni? Af hverju ætli ílátin séu glöð en Moli ekki?
Á hvað er Nói að horfa? Hvað ætli hann sé að hugsa?

# Í máli



Á ég að ná í mál?
sagði Nói.

Vá, mál, sagði Moli.

Ég vil vera í máli.

Og nú volar Moli ekki,
les amma.



Hvað er Moli að gera núna? Af hverju ætli hann sé svona glaður?
Geta sykurmolar hoppað?



# Mamma

Ég er að ná í Nínu,
sagði mamma.

Ekki núna, mamma mín,
sagði Nína.

Ég og amma erum
að lesa um Mola.



Hver er kominn til ömmu og Nínu? Hvernig er Nína á svipinn? En Moli?
Um hvað ætli amma og Nína séu að lesa? Hvað eru margar skúffur í skápnum?




# Leó

Mamma, lesum saman.
Lesum um Leó,
sagði Nína.

Nína, amma
og mamma lesa
saman um Leó.





Hvaða bók eru amma, mamma og Nína að lesa? Hver heldur á Nínu?
Hvernig ætli þeim finnist bókin?

## Nokkur orð um notkun bókar

Æskilegt er að nemandi og kennari/foreldri skoði bókina saman áður en lesturinn hefst og ræði efni hennar m.a. út frá titli, myndum og kaflaheitum. Leggja skal áherslu á að nota orðin sem koma fyrir í textanum. Það auðveldar barninu lesturinn. Neðst á hverri blaðsíðu eru nokkrar spurningar sem styðjast má við. Gagnlegt er að ræða þær áður en hver síða er lesin.

Á vef Námsgagnastofnunar eru verkefnablöð með sögunni. Smellt er á *Námsefni á vef* og valið *Verkefni til útprentunar*.

# Moli

Lestrarbók 5a

ISBN 978-9979-0-2514-6
© 2003 Arnheiður Borg og Sigrún Löve
© 2003 teikningar Jean Posocco

Ritstjóri: Sylvía Guðmundsdóttir
Öll réttindi áskilin

1. útgáfa
2. útgáfa
Menntamálastofnun
Reykjavík

Útlit, setning, umbrot: Námsgagnastofnun
Prentun: Viðey ehf.



Lestrarkennsluefnið

# Listin að lesa
## og skrifa

er fyrir byrjendur í lestri
og byggir fyrst og fremst á hljóðaaðferð.

Efnið skiptist í fjórar vinnubækur,
litlar lestrarbækur, lesspil, verkefni o.fl.

Í þessari bók eru bókstafirnir
*í, ó, s, á, l, a, i, r, v, e, n, m, u ,ú* og *o*
æfðir ásamt orðmyndunum
*og, ég, ekki, sagði* og *að*.

Höfundar texta eru
Arnheiður Borg og Sigrún Löve.
Myndir gerði Jean Posocco.

MENNTAMÁLASTOFNUN
40255